

# VERKEFNAHEFTI SÖGUEYJAN 1-3



---

## SÖGUEYJAN 1–3

### VERKEFNAHEFTI

© 2014 Birna Björnsdóttir

1. vefútgáfa 2014

Námsgagnastofnun

Kópavogi

Ritstjóri: Sigrún Sóley Jökulsdóttir

Umbrot og hönnun: Námsgagnastofnun

Yfirllestur: Kristjana Sigursteinsdóttir, grunnskólakennari

Prófarkalestur: Ingólfur Steinsson

---

## ÁGÆTI KENNARI

Í þessu hefti eru verkefni sem tengjast efni bókaflokksins Sögueyjan 1–3. Verkefnin er hægt að nota óbreytt en einnig sem hugmynd að frekari verkefnum.

## VERKEFNIN

Verkefnin reyna öll á samvinnu nemenda með hópa- og paravinnu en einnig er lögð áhersla á að nemendur kynni niðurstöður sínar fyrir öðrum í bekknum til að kalla fram umræðu. Nánari verklýsingar fylgja hverju verkefni.

## KENNSLUHÆTTIR

Fjölbreyttar kennsluaðferðir eru grunnurinn til að ná fram þeim hæfniviðmiðum sem fengist er við hverju sinni. Það er því mikilvægt að leitast við að finna kennsluaðferðir sem henta best en þær geta verið breytilegar eftir nemendahóp, aldri og þroska nemenda.

Í sögukennslu er umræðan ekki eingöngu mikilvægur þáttur heldur nauðsynlegur og dýpkar bæði skilning og upplifun nemenda á efninu. Því á að leitast við að nemendur fái tækifæri til að ræða um efnið og að þeir vinni síðan sem mest saman í litlum hópum eða þörum við lausn verkefna. Hér henta því ýmsar umræðu- og spurnaraðferðir ásamt samvinnunámi.

Leitaraðferðir henta líka vel í sögukennslu þar sem nemendur kynnast vísindalegum vinnubrögðum og fá þjálfun í að afla upplýsinga og vinna úr þeim með skipulögðum hætti sem einnig er mikilvægt. Slíkar aðferðir geta byggst á heimildavinnu, vettvangsferðum eða viðtölum.

Söguaðferðin, púsulaðferðin (sérfræðingaaðferðin) og paralestur eru einnig aðferðir sem henta vel í kennslu samfélagsgreina. Mestu máli skiptir að kynna sér mismunandi kennsluaðferðir og prófa sig áfram.

## NÁMSMAT

Í heftinu eru hugmyndir að námsmati við einstök verkefni. Þar er leitast við að nemendur viti fyrirfram hvað er metið og hafi því tækifæri til að bæta sig. Einnig er notað sjálfsmat og jafningjamat. Margar útfærslur eru til af sjálfs- og jafningjamati en það sem hefur reynst vel er að láta nemendur fá óskrifað A5 blað og ákveðin tímamörk, t.d. 30 mínútur, þar sem þeir mega einungis nota tímann í matið og ekkert annað. Á aðra hlið blaðsins setja þeir sjálfsmatið og hægt er að nota eftirfarandi spurningar: Mér finnst að ég eigi að fá ..., vegna þess að ég ... Á hina hlið blaðsins kemur síðan jafningamatið og notaðar eru sömu spurningar: Mér finnst að X eigi að fá ..., vegna þess ... Mikilvægt er að leggja áherslu á að nemendur rökstyðji einkunnargjöfina.

## 2. KAFLI. ÍSLAND BYGGIST FÓLKI HÓPVERKEFNI

Vinnið saman 3–4. Veljið eitt af eftirfarandi viðfangsefnum eða finnið sjálf viðfangsefni sem tengist landnámsmönnum eða víkingaöld.

- Landnámsmenn á Íslandi
- Víkingar
- Siglingar á víkingaöld
- Daglegt líf á víkingaöld

### HEIMILDIR

Notið bæði ritaðar heimildir og vefheimildir ásamt námsbókinni. Hægt er að nálgast heimildir á [gegnir.is](#) og á netinu. Einnig er hægt að nota aðrar námsbækur t.d. *Víkingaöldin*, *Leifur heppni* o.fl. Það sem þið þurfið að hafa í huga þegar heimildir eru teknar af netinu er að þær séu áreiðanlegar. Heimildaskrá þarf að fylgja verkefninu.

### ÚRVINNSLA

Textinn þarf að vera ykkar en ekki afritaður beint úr heimildum.

### SKIL

- Þið getið verið með skjásýningu þar sem þið kynnið verkefnið ykkar fyrir bekknum með því að nota t.d. [prezi.com](#), powerpoint eða önnur skjáforrit.
- Þið getið sett verkefnið upp sem fréttabátt í sjónvarpi og búið til viðtöl við fólk.
- Þið getið skilað verkefninu í formi heimildarmyndar.

### MAT Á VERKEFNINU

- Vinna með heimildir.
- Skýr og greinargóður flutningur.
- Framsetning efnis.
- Frumleiki.
- Heimildaskrá.
- Sjálfsmat og jafningjamat.

# ÍSLAND BYGGIST FÓLKI

## MAT Á HÓPVERKEFNI

Nafn: \_\_\_\_\_

Bekkur: \_\_\_\_\_

Unnið með heimildir	3 stig	
Flutningur	2 stig	
Framsetning	2 stig	
Frumleiki	1 stig	
Heimildaskrá	2 stig	

Einkunn (70%): \_\_\_\_\_

Jafningjamat	
Sjálfsmat	

Einkunn (30%): \_\_\_\_\_

LOKAEINKUNN: \_\_\_\_\_

Umsögn: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

### 3. KAFLI. ÞJÓÐVELDIÐ

## HLUTVERKALEIKUR – ALÞINGI TIL FORNA

Nemendur eiga að fara í hlutverk þingmanna og goða sem sóttu Alþingi, auk lögsögumanns. Þeir eiga að ræða þau lög sem liggja fyrir þinginu og greiða atkvæði um þau en einnig geta þeir komið með tillögu að nýjum lögum. Lögin sem liggja til grundvallar eru byggð á Grágás og geta því virkað mjög framandi fyrir nemendur. Það er með vilja gert til að þeir átti sig á tíðarandanum á Þjóðveldisöld. Því getur verið gott að lesa lögin yfir með nemendum áður en leikurinn hefst til að átta sig á því hvað þau þýða.

**Undirbúningur:** Veljið einn nemanda til að gegna hlutverki lögsögumanns (gott að fá sjálfboðaliða) eða kennarinn sjálfur tekur þetta hlutverk. Lögsögumaðurinn er nokkurs konar forseti Alþings og stjórnar fundinum. Skiptið bekknum síðan í þriggja manna hópa, ef talan gengur ekki upp er hægt að fjölga eða fækka í einhverjum hópum. Nemendur eiga að skipta með sér hlutverkum innan hópsins, einn goði og tveir þingmenn. Goðinn er sá eini sem má taka til máls á þinginu en þingmennirnir koma að undirbúningi mála ásamt goðanum og eru honum síðan til halds og traust á þinginu sjálfu.

**Framkvæmd:** Eftir að nemendur hafa fengið sín hlutverk fær hver hópur eintak af málefnum þingsins. Nemendur ræða saman innbyrðis í hópunum og reyna að komast að samkomulagi um hvaða lög þeir koma til með að samþykkja eða hafna. Einnig mega þeir koma með breytingartillögur. Mikilvægt er að þeir leggi fram rök til að styrkja málflutning sinn á þinginu og einnig þarf hópurnir að vera sammála innbyrðis. Leggja þarf áherslu á að sannfæra aðra á þinginu og fá sem flesta til að samþykkja þau rök sem lögð eru fram – með eða móti lögunum.

Þegar hóparnir eru tilbúnir er þinghald hafið. Raðið borðum í hring eða u-laga. Þingmennirnir sitja beggja vegna við sinn goða. Lögsögumaðurinn situr einnig þingið og stjórnar fundinum. Hann getur setið í hringnum eða fyrir framan hópinn ef u-laga formið er notað. Lögsögumaðurinn ber síðan upp lögin og hver goði gerir grein fyrir niðurstöðu síns hóps ásamt þeim rökum sem fylgja. Þegar öll goðin hafa tekið til máls eru greidd atkvæði um hvort lögin verði samþykkt eða þeim hafnað. Ef ekki fæst niðurstaða ræður lögsögumaður henni. Þegar búið er að fara í gegnum öll málín les lögsögumaður upp niðurstöður.

**Úrvinnsla:** Allir nemendur fá eintak af skýrslublaðinu og leysa það hver fyrir sig. Kennari notar síðan niðurstöðuna til leggja mat á vinnu nemenda.

## MÁLEFNI ÞINGSINS

Þið eigið að ræða saman í hópnum og reyna að komast að samkomulagi um hvaða lög þið komið til með að samþykkja og hverjum þið hafnið. Einnig megið þið koma með breytingartillögur. Mikilvægt að finna rök sem styrkja málflutning ykkar á þinginu og fá þannig hina hópana til að kjósa eins og þið. Lögin eru skrifuð á fornu máli og þurfið þið að lesa vel yfir þau áður en þið byrjið.

- Ef maður fer með galdra eða fjölkynngi og varðar honum það fjörbaugsgarð (þriggja ára útleð úr landi).
- Sonur á að taka arf að föður sinn og móður, frjálsborinn og arfgengur.
- Hver réttur er fastnandi konu (sá sem hefur rétt til að ákveða hverjum kona giftist). Sonur sextán vetra gamall eða eldri er fastnandi móður sinnar, frjálsborinn og arfgengur, svo hygginn að hann kunni fyrir erfð að ráða. Faðir er fastnandi dóttur sinnar, en þá skal bróðir samfeðri fastna systur sína. En ef eigi er bróðir þá skal fastna móðir dóttur sína. Þar aðeins fastnar kona konu. Ekki gat kona fastnað aðra konu nema þegar brúður átti hvorki föður né bróður á lífi. Þá fastnaði móðirin dóttur sína. Ætti stúlkan heldur ekki móður á lífi eru tíundaðir karlar, skyldir eða óskyldir, sem fastna skyldu stúlkuna.
- Launkossa og legorðsakir. Ef maður kyssir konu á laun fyrir öðrum mönnum, og að ráði hennar, og varðar það þriggja marka sekt, en sá á sök sem um legorð (frillulíf). En ef hún reiðist við, þá á hún sökina sjálf, og varðar þá fjörbaugsgarð.
- Ef konur gerast svo afsiða að þær gangi í karlfötum, eða hvern karlasið er þær hafa fyrir breytni (það að skera sig úr) sakir, og svo karlar þeir er kvennasið hafa, hvern veg er það er, þá varðar það fjörbaugsgarð hvorum sem það gera.
- Um lögmæt frumhlaup. Fjörbaugsgarður (þriggja ára útleð úr landi) varðar ef maður hleypur til manns lögmætu frumhlaupi (þýðir refsiverð árás). En þau eru fimm hlaup, ef maður höggur til manns eða drepur (þýðir hér að berja) eða leggur eða skýtur eða kastar. Þá varða öll fjörbaugsgarð ef eigi kemur á, en skóggang (ævilöng útskúfun úr samfélaginu) ef á kemur.
- Ef maður bindur hund sinn óvarlega en nú er mælt, eða er hann laus og bítur mann svo að blátt eða rautt verður eftir, eða kemur blóð út varðar það þriggja marka útleð þeim er hund á. Ef hundur bítur mann í brjósk eða í bein eða í sinar, eða svo að örkuml verða eftir eða lýti/áverkar svo að lækningar þarf við þá varðar það allt fjörbaugsgarð þeim er hund á, en skóggang ef hin meiri sár metast.
- Ef maður bítur mann eða rífur eða klýpir svo að blátt eða rautt verður eftir, og varðar það fjörbaugsgarð. Sár er ef blæðir.
- Ef maður mígur á mann, og varðar það fjörbaugsgarð, en skóggang varðar ef maður skítur á mann.

(Grágás;lagasafn íslenska þjóðveldisins, Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mördur Árnason sáu um útgáfuna, Mál og menning, Reykjavík, 2001)

# SKÝRSLA FRÁ STÖRFUM ALÞINGIS MATSBLAÐ

Nafn: \_\_\_\_\_

Bekkur: \_\_\_\_\_

1. Hvaða lögum varst þú samþykkt(ur) sem komu fram þinginu?

---

---

---

2. Hvaða lög voru samþykkt gegn vilja þíns hóps?

---

---

---

3. Voru einhver atriði sem komu fram sem þú varst ósammála hinum í hópnum þínum um?

---

---

---

4. Hvernig gekk hópnum að komast að samkomulagi um öll lögin?

---

---

---

5. Hvað varstu ánægðust/ánægðastur með?

---

---

---

6. Hvað fannst þér um þingið?

---

---

---



## 4. KAFLI. SIGLINGAR OG LANDAFUNDIR Á HARALDUR AÐ FLYTJA TIL GRÆNLANDS?

Vinnið saman í pörum. Eiríkur rauði og kona hans Þjóðhildur fluttust til Grænlands ásamt börnum. Eiríkur hélt síðan til Íslands aftur til að segja mönnum frá fundi sínum og fá fleiri til að flytja til Grænlands. Haraldur er ungur bóndasonur á Vestfjörðum. Hann á einn eldri bróður og tvær yngri systur. Hann heillast af frásögnum Eiríks og er að velta fyrir sér hvað hann eigi að gera. Lesið upplýsingarnar á spjöldunum og flokkið eftir því hvort þær styðja brottflutning eða ekki. Gefið síðan lokasvar með rökstuðningi.

Haraldur á stóra fjölskyldu á Íslandi sem honum þykir vænt um.	Land sem kallast Grænland hlýtur að gefa von um gott veðurfar og gróðursæld.	Haraldur er haldinn ævintýraþrá. Honum finnst gaman að taka áhættur.
Það er farið að þrengjast um byggð á Íslandi og erfitt að fá góða jörð.	Haraldur veit ekki hvort hann eigi að treysta orðum Eiríks rauða vegna þess að hann þekkir hann ekki persónulega.	Haraldur kemur ekki til með að erfa jörðina eftir föður sinn þar sem hann er ekki elsti sonurinn.
Haraldur er mjög hrifinn af Sigríði sem býr í sömu sveit og hann.	Það er búið að vera mikið hallæri á Íslandi og Haraldur veit ekki hvernig úr því rætist.	Það er dýrt og erfitt að sigla til Grænlands og Haraldur veit ekki hvort pabbi hans er tilbúinn að styrkja hann til fararinnar.

Mun Haraldur flytja til Grænlands? Hver er ykkar niðurstaða, munið að rökstyðja. Berið saman niðurstöðurnar í bekknum.

---



---



---



---



---



---



---



---



---

## 5. KAFLI. ÞORGEIR LJÓSVETNINGAGOÐI

Þú ert Þorgeir Ljósvefningagoði. Í gær tókstu mjög erfiða ákvörðun þegar þú ákvaðst að Íslendingar ættu að gerast kristnir þrátt fyrir að þú værir ekki kristinn sjálfur. Nú siturðu og skrifar í dagbók þína lýsingu á deginum.

Lestu vel yfir 5. kaflann í bókinni um kristnitökuna og skrifaðu dagbókarfærsluna.

- Hvers vegna tókstu þessa ákvörðun? Muna að finna rök.
- Hver urðu viðbrögðin á þinginu?
- Var þetta rétt ákvörðun? Hvers vegna/hvers vegna ekki?

Það er mikilvægt að þú hafir í huga:

1. Þegar þú leysir svona verkefni ferð þú í ákveðið hlutverk. Þú verður að muna að þú ert ekki að skrifa sem þú sjálf(ur), heldur önnur persóna sem lifði í fortíðinni.
2. Sá sem les textann þinn á að geta skilið nokkurn veginn hvar og hvenær hann er skrifaður og hvers konar manneskja það er sem skrifar hann. Þetta þýðir að þú verður að nefna hluti sem eru dæmigerðir fyrir þann tíma sem þú skrifar um.
3. Mundu að þú getur ekki séð inn í framtíðina. Þú getur því ekki nefnt hluti sem gerðust síðar eða hvaða áhrif kristnitakan hafði seinna.
4. Gott svar er sannsögulegt – það þýðir að þessi dagbókafærsla gæti raunverulega verið skrifuð af Þorgeiri. Það er því mikilvægt að upplýsingarnar í þínum texta passi við það sem við vitum að gerðist í raunveruleikanum og gæti verið sögulega rétt.

# ÞORGEIR LJÓSVETNINGAGOÐI MATSBLAÐ

Nafn: \_\_\_\_\_

Bekkur/hópur: \_\_\_\_\_

Kemur skýrt fram hvenær þetta á að vera skrifað.	1 stig	
Kemur skýrt fram hvar þetta á að vera skrifað.	1 stig	
Heldur sig við þann tíma sem textinn á að vera skrifaður á.	1 stig	
Upplýsingarnar í textanum passa við það sem raunverulega gerðist.	2 stig	
Setur sig í spor annarra (fer í hlutverkið).	1 stig	
Nefnir hluti sem eru dæmigerðir fyrir tímabilið.	2 stig	
Frágangur	1 stig	
Skilar á réttum tíma.	1 stig	

Einkunn (30%): \_\_\_\_\_

Umsögn: \_\_\_\_\_

---

---

---

---

## 7. KAFLI. STURLUNGAÖLD OG FALL ÞJÓÐVELDISINS HUGARKORT

Búðu til skýringarmynd sem sýnir hvernig þjóðveldið hrundi. Skrifaðu „Hrun þjóðveldisins“ innan hringis á miðju blaði. Teiknaðu síðan örvar út frá hringnum. Hver ör á að benda á ástæður sem mögulega áttu þátt í því að þjóðveldið hrundi.

Skiptið ykkur í hópa, tvö til fjögur í hverjum, og berið saman skýringarmyndirnar ykkar. Gefið hvert öðru góð ráð og reynið að gera eina sameiginlega skýringarmynd.

Þegar skýringarmyndin ykkar er tilbúin eigið þið að svara eftirfarandi spurningum:

1. Hver finnst ykkur mikilvægasta ástæðan fyrir falli þjóðveldisins?

---

---

---

---

2. Hvaða ástæður fyrir fallinu eiga rætur að rekja til Noregskonungs?

---

---

---

---

3. Hvernig hefði verið hægt að leysa þessar deilur án þess að Íslendingar gerðust þegnar Noregskonungs?

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

## 8. KAFLI. MENNING

## ÞJÁLFAÐU HUGANN – STAÐREYND EÐA SKOÐUN?

Stundum getur verið erfitt að greina á milli þess hvað eru staðreyndir og hvað skoðanir. Hér fyrir neðan eru setningar sem annaðhvort eru staðreyndir eða skoðun. Þegar setning er skoðun vitum við ekki hvort fullyrðingin er rétt eða röng, heldur er hún túlkun á skoðun og þannig getur þú verið sammála eða ekki. Ef setningin er staðreynd passar hún við þær heimildir sem við höfum.

Finndu út hvaða setningar eru staðreyndir og hverjar skoðanir. Ef þú telur að setning sé skoðun, strikaðu undir línuna hvort þú ert sammála henni eða ekki. Berðu niðurstöður þínar saman við niðurstöður bekkjarfélaganna.

1. Menntun var sérréttindi hinna útvöldu.  
Staðreynd/skoðun \_\_\_\_\_ Ef það er skoðun: sammála/ósammála
2. Ari fróði var fyrstur manna til að rita á norræna tungu.  
Staðreynd/skoðun \_\_\_\_\_ Ef það er skoðun: sammála/ósammála
3. Íslenskar fornbókmenntir eru með merkilegustu ritum miðalda.  
Staðreynd/skoðun \_\_\_\_\_ Ef það er skoðun: sammála/ósammála
4. Þjóðarsögur rekja atburði úr sögu þjóðarinnar.  
Staðreynd/skoðun \_\_\_\_\_ Ef það er skoðun: sammála/ósammála
5. Íslendingasögurnar mynda mikilvægasta hluta miðaldabókmennta okkar.  
Staðreynd/skoðun \_\_\_\_\_ Ef það er skoðun: sammála/ósammála
6. Foraldarsögur Norðurlanda eru ýkjusögur.  
Staðreynd/skoðun \_\_\_\_\_ Ef það er skoðun: sammála/ósammála
7. Sögur og kvæði lifðu í munnlegri geymd manna fram af manni og eru því sannar.  
Staðreynd/skoðun \_\_\_\_\_ Ef það er skoðun: sammála/ósammála
8. Listsköpun hefur verið til staðar á Íslandi frá landnámsöld.  
Staðreynd/skoðun \_\_\_\_\_ Ef það er skoðun: sammála/ósammála
9. Höfundur Egils sögu er Snorri Sturluson.  
Staðreynd/skoðun \_\_\_\_\_ Ef það er skoðun: sammála/ósammála
10. Hávamál eru frægust Eddukvæða ásamt Völuspá.  
Staðreynd/skoðun \_\_\_\_\_ Ef það er skoðun: sammála/ósammála

## 9. OG 10. KAFLI

### ÞJÁLFAÐU HUGANN – TAKTU EITT ÚT

Lesið vel yfir kafla 9 og 10 í bókinni. Hér fyrir neðan eru orð flokkuð í hópa. Vinnið í pörum og finnið eitt orð í hverjum hóp sem þið teljið að passi ekki við hin orðin í hópnum. Strikið yfir orðið sem passar ekki og skrifið ástæðuna fyrir því að þið teljið að það passi ekki. Það geta verið mismunandi lausnir og ástæður ólíkar, berið saman niðurstöðurnar í bekknum.

Járnsíða  
Jónsbók  
Grágás  
Gamli sáttmáli

Ástæða: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

hirðstjóri  
goðar  
lögmenn  
sýslumenn

Ástæða: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

fjörbaugsgarður  
hýðingar  
brennimerkingar  
líkamlegar refsingar

Ástæða: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

voldugir höfðingjar  
lögleysa  
kirkjan  
Leiðarhólmi í Dölum

Ástæða: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Árni Þorláksson  
Skálholt  
gömlu höfðingjaættirnar  
Ögvaldsnes

Ástæða: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

plágan  
misskipting auðs  
svarti dauði  
fjölgun leiguliða

Ástæða: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

## 11. KAFLI. ÍSLAND SEM VERSTÖÐ – DÓMÍNÓ

Þetta einfalda spil getur hjálpað til við að þjálf hugtök og læra að muna mikilvæg nöfn og atburði úr kaflanum. Ljósritið á þykkan pappa eða plastið blaðið og klippið niður eða látið nemendur gera það sjálfa. Tveir eða fleiri nemendur geta spilað saman. Hver hópur fær eitt eintak af spilinu. Þeir skipta spjöldunum á milli sín og einn byrjar að leggja fram eitt spjald. Næsti spilari þarf að skoða hvort hann hefur spjald sem passar við fyrsta spjaldið og leggur það við spjaldið og þannig koll af kalli. Ef nemandi hefur ekki spjald sem passar við, þá á næsti að gera. Sá vinnur sem er fyrstur að losna við spjöldin.

Ólöf ríka

\_\_\_\_\_

Bandalag þýskra verslunarborga

Björgvin

\_\_\_\_\_

Ólína Andrésdóttir

Hansasambandið

\_\_\_\_\_

hirðstjóri

lýsi

\_\_\_\_\_

nýöld

verbúðir

\_\_\_\_\_

inngangur til helvítis

búðsetumenn

\_\_\_\_\_

mikilvæg matvara á föstunni

miðaldir

\_\_\_\_\_

evrópsk borg

Diðrik Píning

\_\_\_\_\_

húsakynni sjómanna

miðaldir

\_\_\_\_\_

evrópsk borg

Björn ríki

\_\_\_\_\_

Píningsdómur

fiskur

\_\_\_\_\_

íslensk útflutningsvara

Suðurnesjamenn

\_\_\_\_\_

*Eigi skal gráta Björn bónda ...*

## 2. KAFLI – GALDRAR

Vinnið í þörum eða litlum hópum. Lesið vel yfir frásögnina hér fyrir neðan og leysið síðan verkefnið sem fylgja.

### MÖGNUM GALDRAPLÁGA Í TRÉKYLLISVÍK

Í Trékyllisvík hafa nú tvívegis verið kynt galdrabál með fimm daga millibili, og voru í fyrra skiptið brenndir tveir galdramenn samtímis, en einn í seinna skiptið.

Þessi plága gerði fyrst vart við sig skömmu eftir manntalsþing í Árnosi árið 1651. Á því þingi kvað Þorleifur sýslumaður upp þann úrskurð, að Guðrún nokkur Hróbjartsdóttir, er á vist var með Þórði bónda Guðbrandssyni á Munaðarnesi, skyldi þaðan á brott verða að kröfu bræðra hennar og móður. En þegar bræður Guðrúnar ætluðu að sækja hana, varð hún veik, en hresstist jafnskjótt og þeir voru á brottu. Nokkru síðar kom Guðrún til kirkju í Árnosi, og tóku bræður hennar hana þá og höfðu heim með sér. Veiktist hún þá á ný, en batnaði þegar í stað, er hún var látin fara aftur að Munaðarnesi til Þórðar.

Af þessu þótti mega ráða, að Þórður hafi gert henni veikina með göldrum. Haustið 1652 komst plágan í algleyming og lagðist einkum á konur þær í Trékyllisvík, er voru óspilltar meyjar. Fannst þeim sem gripið væri fyrir kverkar sér, og setti þá að þeim ropa mikla og ofurfylli. Kom þetta yfir sömu konurnar oft á dag og þó gjarnast um embættið í kirkjunni í Árnosi.

Mögnumust þessi firn svo, að konurnar féllu unnvörpum í öngvit í kirkjunni, og varð heilög þjónustugerð „naumlega framin fyrir þeirra hljóðum, mási, froðufalli og ofboði svo oft voru úr kirkjunni út bornar fjórar, fimm, tíu eða tólf og fleiri á einum helgum degi, hvað skelfilegt var, en miklu skelfilegra á slíkt að horfa og nálægur að vera“.

Þorleifur sýslumaður Kortsson kom til skjalanna snemma í vor, og báru þá bræður Guðrúnar Hróbjartsdóttur og fleiri menn fram þá kæru, að þeir sögðu Þórð Guðbrandsson „sekan vera af þeim stór, óttasama krankdómi og pínu, sem um næstum tvö og hálf ár á mörgum hverjum kvensniftum hér í Árneshreppi þunglega legið hefur af óhreins anda ónáðan“, en Þórður „afsakaði sig stórlega“ og sór og sátt við lagði, að hann „að slíku ei valdur væri“.

Dómsmenn afréðu þá „í drottins nafni“ að dæma Þórði Guðbrandssyni tylftareið, er hann skyldi sverja innan tíu vikna.

(*Öldin sautjándi, minnisverð tíðindi 1601–1700, bls. 116–117*)

1. Hvað ætli hafi hrjáð þessar konur sem veiktust? \_\_\_\_\_

---



---

2. Gæti sambærilegur atburður gerst í dag? Hvers vegna/hvers vegna ekki?

---



---

3. Hvers vegna haldið þið að svona galdrafár fari af stað?

---



---



## 4. KAFLI. DÓMÍNÓ

Þetta einfalda spil getur hjálpað til við að þjálfra hugtök og læra að muna mikilvæg nöfn og atburði úr kaflanum. Ljósritið á þykkan pappa eða plastið blaðið og klippið niður eða látið nemendur gera það sjálfa. Tveir eða fleiri nemendur geta spilað saman. Hver hópur fær eitt eintak af spilinu. Þeir skipta spjöldunum á milli sín og einn byrjar að leggja fram eitt spjald. Næsti spilari þarf að skoða hvort hann hefur spjald sem passar við fyrsta spjaldið og leggur það við spjaldið og þannig koll af kalli. Ef nemandi hefur ekki spjald sem passar við, þá á næsti að gera. Sá vinnur sem er fyrstur að losna við spjöldin.

Kópavogsfundurinn

\_\_\_\_\_

handverksmenn og kaupmenn

Gamli sáttmáli

\_\_\_\_\_

íslenskir embættismenn

einveldi

\_\_\_\_\_

æðsti embættismaður konungs

kaupauðgisstefnan

\_\_\_\_\_

Hallgrímur Pétursson

borgarastétt

\_\_\_\_\_

völd konungs án takmarkana

umdæmaverslun

\_\_\_\_\_

efla útflutning og minnka innflutning

konungsverslun

\_\_\_\_\_

kaupmaður fékk yfirráð yfir einni eða tveimur verslunum

einokunarverslun aflétt

\_\_\_\_\_

eitt félag rak alla verslunina

félagsverslun

\_\_\_\_\_

konungur rak verslunina

stiftamtmaður

\_\_\_\_\_

árið 1787

sýslumenn

\_\_\_\_\_

árið 1262

Passíusálmarnir

\_\_\_\_\_

einveldi Danakonungs samþykkt

## 4. KAFLI. MENNING OG MENNTUN

### ÞJÁLFAÐU HUGANN

Stundum getur verið erfitt að greina á milli hvað eru staðreyndir og hvað eru skoðanir. Hér fyrir neðan eru setningar sem annaðhvort eru staðreyndir eða skoðun. Þegar setning er skoðun vitum við ekki hvort fullyrðingin er rétt eða röng, heldur er hún túlkun á skoðun og þannig getur þú verið sammála eða ekki. Ef setningin er staðreynd passar hún við þær heimildir sem við höfum. Finndu út hvaða setningar eru staðreyndir og hverjar skoðanir. Ef þú telur að setning sé skoðun strikaðu undir línuna hvort þú ert sammála henni eða ekki. Berðu niðurstöður þínar saman við niðurstöður bekkjarfélaganna.

- Húmanisminn kveikti áhuga Íslendinga á gömlu handritunum.  
Staðreynd/skoðun \_\_\_\_\_ Ef það er skoðun: sammála/ósammála
- Einn mikilvægasti fræðimaður Íslendinga var Árni Magnússon.  
Staðreynd/skoðun \_\_\_\_\_ Ef það er skoðun: sammála/ósammála
- Upplýsingarmenn lögðu áherslu á mikilvægi rökhusunar.  
Staðreynd/skoðun \_\_\_\_\_ Ef það er skoðun: sammála/ósammála
- Heilræðavísurnar eru fegurstu ljóð Hallgríms Péturssonar.  
Staðreynd/skoðun \_\_\_\_\_ Ef það er skoðun: sammála/ósammála
- Áhrifamesti boðberi upplýsingarinnar var Magnús Stephensen.  
Staðreynd/skoðun \_\_\_\_\_ Ef það er skoðun: sammála/ósammála
- Íhaldssemi var landlæg á Íslandi.  
Staðreynd/skoðun \_\_\_\_\_ Ef það er skoðun: sammála/ósammála
- Heimafræðslan reyndist landsmönnum vel.  
Staðreynd/skoðun \_\_\_\_\_ Ef það er skoðun: sammála/ósammála
- Arngrímur lærði breytti ímynd Íslands erlendis.  
Staðreynd/skoðun \_\_\_\_\_ Ef það er skoðun: sammála/ósammála
- Lútherskur siður bætti menntun almennings.  
Staðreynd/skoðun \_\_\_\_\_ Ef það er skoðun: sammála/ósammála
- Húsagatilskipunin frá 1746 var til góðs fyrir alla Íslendinga.  
Staðreynd/skoðun \_\_\_\_\_ Ef það er skoðun: sammála/ósammála

## 5. KAFLI. MÓÐUHARÐINDIN HÓPVERKEFNI

Vinnið saman 3–4 í hóp.

- Skoðið frásagnir af Skaftáreldum. Hvernig gos var þetta? Hve lengi stóð það og hvaða afleiðingar hafði það?
- Finnið upplýsingar um mannfall í móðuharðindunum. Hvað var gert til að aðstoða fólk og hvaða afleiðingar höfðu móðuharðindin á búsetu á Íslandi.
- Sumir vilja halda því fram að móðuharðindin hafi orsakað Frönsku byltinguna 1789. Finnið rök sem styrkja þá skoðun og einnig rök sem hrekja hana.

### HEIMILDIR

Notið bæði ritaðar heimildir og vefheimildir. Hægt er að nálgast heimildir á [gegnir.is](http://gegnir.is) og á netinu. Það sem þið þurfið að hafa í huga þegar heimildir eru teknar af netinu er að þær séu áreiðanlegar. Heimildaskrá þarf að fylgja verkefninu.

### ÚRVINNSLA

Textinn þarf að vera ykkar en ekki afritaður beint úr heimildum.

### SKIL

- Þið getið verið með skjásýningu þar sem þið kynnið niðurstöður ykkar fyrir bekknum með því að nota t.d. [prezi.com](http://prezi.com) eða powerpoint.
- Þið getið sett niðurstöður ykkar upp sem fréttapátt í sjónvarpi.
- Þið getið skilað niðurstöðum ykkar í formi heimildamyndar.

### MAT Á VERKEFNINU

- Hve vel þið vinnið með heimildirnar.
- Skýr og greinagóður flutningur.
- Framsetning efnis.
- Frumleiki.
- Heimildaskrá.
- Sjálfsmat og jafningjamat.

## MAT Á HÓPVERKEFNI

Nafn: \_\_\_\_\_

Bekkur: \_\_\_\_\_

Unnið með heimildir	3 stig	
Flutningur	2 stig	
Framsetning	2 stig	
Frumleiki	1 stig	
Heimildaskrá	2 stig	

Einkunn (70%): \_\_\_\_\_

Jafningjamat	
Sjálfsmat	

Einkunn (30%): \_\_\_\_\_

LOKAEINKUNN: \_\_\_\_\_

Umsögn: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

## 6. KAFLI. DÓMÍNÓ

Þetta einfalda spil getur hjálpað til við að þjálfa hugtök og læra að muna mikilvæg nöfn og atburði úr kaflanum. Ljósritið á þykkan pappa eða plastið blaðið og klippið niður eða látið nemendur gera það sjálfa. Tveir eða fleiri nemendur geta spilað saman. Hver hópur fær eitt eintak af spilinu. Þeir skipta spjöldunum á milli sín og einn byrjar að leggja fram eitt spjald. Næsti spilari þarf að skoða hvort hann hefur spjald sem passar við fyrsta spjaldið og leggur það við spjaldið og þannig koll af kalli. Ef nemandi hefur ekki spjald sem passar við, þá á næsti að gera. Sá vinnur sem er fyrstur að losna við spjöldin.

Innréttingarnar

faðir Reykjavíkur

stjórnarráðshúsið

fyrirtæki

Þófaramylla

dómsvald

iðnbyltingin

Bessastaðir

biskupar

Húsavík og Krýsuvík

spunaverkstæði

fyrsta gatan í Reykjavík

Aðalstræti

embættisbústaður

íslenska yfirstéttin

aukið þéttbýli

færasnúningshús

andlegt og veraldlegt vald

Skúli Magnússon

stóð vörð um forna búskaparhætti  
bændasamfélagsins

skóli

þar sem ull var þæfð

brennisteinn

þar sem band var spunnið úr ull

Landsyfirrættur

veiðarfæri og kaðlar

## 7. KAFLI. SJÁLFSTÆÐISBARÁTTAN

### HUGARKORT

Búðu til skýringarmynd sem sýnir hvernig sjálfstæðisbarátta Íslendinga þróaðist. Skrifaðu „sjálfstæðisbaráttan“ innan hrings á miðju blaði. Teiknaðu síðan örvar út frá hringnum. Hver ör á að benda á kröfurnar sem eru gerðar. Merktu síðan við hvort kröfurnar komu frá Dönnum eða Íslendingum.

Skiptið ykkur í hópa, tvö til fjögur í hverjum, og berið saman skýringarmyndirnar ykkar. Gefið hvert öðru góð ráð og reynið að gera eina sameiginlega skýringarmynd.

Þegar skýringarmyndin ykkar er tilbúin eigið þið að svara eftirfarandi spurningum:

1. Hvaða atriði lögðu Danir áherslu á?

---

---

---

---

2. Hvaða atriði lögðu Íslendingar áherslu á?

---

---

---

---

3. Hver var munurinn á kröfum Íslendinga og Dana?

---

---

---

---

4. Af hverju var munur á kröfum Íslendinga og Dana?

---

---

---

---

## 8. KAFLI. EFNAHAGSFRELSI

### ÞJÁLFAÐU HUGANN – HVÆÐ PASSAR EKKI?

Hér fyrir neðan eru orð flokkuð í hópa. Vinnið í pörum og finnið eitt orð í hverjum hóp sem þið teljið að passi ekki við hin orðin í hópnum. Strikið yfir orðið sem passar ekki og skrifið ástæðuna fyrir því að þið teljið að það passi ekki. Það geta verið mismunandi lausnir og ástæður ólíkar, berið saman niðurstöður í bekknum.

fé selt á fæti  
Bretland  
sauðasalan  
vöruskipti

Ástæða: \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

verslunarfrelsi  
umdæmisverslun  
sjálfstæðisbaráttan  
bæta fjárhag landsins

Ástæða: \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

innflutningur  
lýsi  
kaffi  
mjöl

Ástæða: \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

Gránufélagið  
heildsala  
Kaupfélag Þingeyinga  
SÍS

Ástæða: \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

Samvinnuhreyfingin  
konungar  
einokun  
kaupauðgisstefnan

Ástæða: \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

verslunarfrelsi  
Gránufélagið  
félagsverslun  
sauðasalan

Ástæða: \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

## 9. KAFLI. VESTURFARAR

Hugsaðu þér að þú sért einn af þeim Íslendingum sem fluttust til Kanada í lok 19. aldar. Þú ert kominn á áfangastað og hefur dvalið þar í rúman mánuð. Skrifaðu bréf heim og segðu frá ferðinni, hvers vegna þú fórst og lýstu þínu daglega lífi í Kanada.

Lestu vel yfir 9. kaflann í bókinni þar sem fjallað er um vesturfara og Ameríkuferðir. Einnig getur þú skoðað aðrar heimildir til að fá meiri upplýsingar. Þú getur notað þessar spurningar til að hjálpa þér við skrifin.

- Hvers vegna fluttir þú burt?
- Hvernig var siglingin yfir hafið?
- Við hverju bjóstu í nýja landinu? Stóðust þær væntingar?
- Hvernig er þitt daglega líf í Kanada? Er eitthvað sem þú saknar?
- Var þetta rétt ákvörðun? Hvers vegna/hvers vegna ekki?

Það er mikilvægt að þú hafir í huga:

- Þegar þú leysir svona verkefni ferð þú í ákveðið hlutverk. Þú verður að muna að þú ert ekki að skrifa sem þú sjálf(ur), heldur önnur persóna sem lifði í fortíðinni.
- Sá sem les textann þinn á að geta skilið nokkurn veginn hvar og hvenær hann er skrifaður og hvers konar manneskja skrifar hann. Þetta þýðir að þú verður að nefna hluti sem eru dæmigerðir fyrir þann tíma og stað sem þú átt að skrifa um.
- Mundu að þú getur ekki séð inn í framtíðina. Þú getur því ekki nefnt hluti sem gerðust síðar.
- Gott svar er sannsögulegt – það þýðir að þetta bréf gæti raunverulega verið skrifað af vesturfara. Það er því mikilvægt að upplýsingarnar í þínum texta passa við það sem við vitum að gerðist í raunveruleikanum og gæti verið sögulega rétt.



# VESTURFARAR MAT Á BRÉFI

Nafn: \_\_\_\_\_

Bekkur/hópur: \_\_\_\_\_

Kemur skýrt fram hvenær þetta á að vera skrifað.	1 stig	
Kemur skýrt fram hvar þetta á að vera skrifað.	1 stig	
Heldur sig við þann tíma sem textinn á að vera skrifaður á.	1 stig	
Upplýsingarnar í textanum passa við það sem raunverulega gerðist.	2 stig	
Setur sig í spor annarra (fer í hlutverkið).	1 stig	
Nefnir hluti sem eru dæmigerðir fyrir tímabilið.	2 stig	
Frágangur	1 stig	
Skilar á réttum tíma.	1 stig	

Einkunn (30%): \_\_\_\_\_

Umsögn: \_\_\_\_\_

---

---

---

---

## 2. KAFLI. ÍSLAND IÐNVÆÐIST

Ísland var gamaldags bændasamfélag þar til nútíminn hélt innreið sína í byrjun 20. aldar. En hvaða þættir gera það að verkum að við getum sagt að Ísland hafi orðið nútímasamfélag?

Lesið vel yfir kaflann í bókinni. Vinnið í þörum og lesið yfir setningarnar hér fyrir neðan og númerið þær eftir hvað ykkur finnst skipta mestu máli í þróun Íslands í átt að nútímasamfélagi; þið þurfið að vera sammála um röðina. Berið síðan lokaniðurstöðuna saman við bekkjarfélagana og reynið að komast að einni niðurstöðu í bekknum.

- \_\_\_ Vél var sett í árabátinn Stanley á Ísafirði.
- \_\_\_ Erlent fjármagn og stofnun Íslandsbanka.
- \_\_\_ Sjávarútvegur varð sjálfstæð atvinnugrein.
- \_\_\_ Kaupmannastétt myndaðist og verslun blómstraði.
- \_\_\_ Togaraútgerðin og aukin umsvif í kringum fiskveiðar.
- \_\_\_ Fólk flutti í þéttbýlið úr sveitinni.
- \_\_\_ Byrjað var að framleiða rafmagn.
- \_\_\_ Iðnaður óx ört og verksmiðjur voru reistar.
- \_\_\_ Kaupfélög voru stofnuð víða um land.
- \_\_\_ Vélvæðing í landbúnaði og aukin afköst í landbúnaðarframleiðslu.
- \_\_\_ Bættar samgöngur milli landshluta og til annarra landa.
- \_\_\_ Tilkoma vatnsveitunnar, landsmenn fengu rennandi vatn inn í húsin.

Það sem skipti mestu máli var:

---

---

---

Vegna þess:

---

---

---

---

---

## 3. KAFLI. HÓPVERKEFNI

Vinnið saman 3–4. Veljið eitt af eftirfarandi viðfangsefnum.

- Kötlugosið 1918
- Spænska veikin
- Frostaveturinn mikli
- Fullveldisdagurinn

### HEIMILDIR

Notið bæði ritaðar heimildir og vefheimildir. Hægt er að nálgast heimildir á gegnir.is og á netinu. Einnig má benda á bókina *Árið 1918* eftir Helga Grímsson. Það sem þið þurfið að hafa í huga þegar heimildir eru teknar af netinu er að þær séu áreiðanlegar. Heimildaskrá þarf að fylgja verkefninu.

### ÚRVINNSLA

Textinn þarf að vera ykkar en ekki afritaður beint úr heimildum.

### SKIL

- Þið getið verið með skjásýningu þar sem þið kynnið verkefnið ykkar fyrir bekknum með því að nota t.d. prezi.com, powerpoint eða önnur kynningarforrit.
- Þið getið sett verkefnið ykkar upp sem fréttapátt í sjónvarpi og jafnvel búið til viðtöl við fólk.
- Þið getið skilað niðurstöðum ykkar í formi heimildamyndar.

### MAT Á VERKEFNINU

- Hve vel þið vinnið með heimildirnar.
- Skýr og greinagóður flutningur.
- Framsetning efnis.
- Frumleiki.
- Heimildaskrá.
- Sjálfsmat og jafningjamat.

## MAT Á HÓPVERKEFNI

Nafn: \_\_\_\_\_

Bekkur: \_\_\_\_\_

Unnið með heimildir	3 stig	
Flutningur	2 stig	
Framsetning	2 stig	
Frumleiki	1 stig	
Heimildaskrá	2 stig	

Einkunn (70%): \_\_\_\_\_

Jafningjamat	
Sjálfsmat	

Einkunn (30%): \_\_\_\_\_

LOKAEINKUNN: \_\_\_\_\_

Umsögn: \_\_\_\_\_

---



---



---



---

## 4. KAFLI. KVENRÉTTINDI

Hugsaðu þér að þú ert stödd/staddur á Austurvelli 7. júlí 1915 í tilefni hátíðarhalda þegar konur fengu kosningarétt til Alþingis. Skrifðu blaðgrein þar sem þú lýsir deginum og aðdragandanum að því að konur fengu kosningarétt.

Lestu vel yfir 4. kaflann í bókinni þar sem fjallað er um kvenréttindi. Einnig getur þú skoðað aðrar heimildir til að fá meiri upplýsingar t.d. [kvennasogusafn.is](http://kvennasogusafn.is), [timarit.is](http://timarit.is) og [gegnir.is](http://gegnir.is)

Mikilvægt er að þú hafir í huga:

- Þegar þú leysir svona verkefni ferð þú í ákveðið hlutverk. Þú verður að muna að þú ert ekki að skrifa sem þú sjálf(ur), heldur önnur persóna sem lifði í fortíðinni.
- Sá sem les textann þinn á að geta skilið nokkurn veginn hvar og hvenær textinn er skrifaður og hvers konar manneskja það er sem skrifar hann. Þetta þýðir að þú verður að nefna hluti sem eru dæmigerðir fyrir þann tíma og stað sem þú átt að skrifa um.
- Mundu að þú getur ekki séð inn í framtíðina. Þú getur því ekki nefnt hluti sem gerðust síðar.
- Gott svar er sannsögulegt – það þýðir að þetta bréf gæti raunverulega verið skrifað af vesturfara. Það er því mikilvægt að upplýsingarnar í þínum texta passi við það sem við vitum að gerðist í raunveruleikanum og gæti verið sögulega rétt.

# KVENRÉTTINDI MAT Á BLAÐAGREIN

Nafn: \_\_\_\_\_

Bekkur/hópur: \_\_\_\_\_

Kemur skýrt fram hvenær þetta á að vera skrifað.	1 stig	
Kemur skýrt fram hvar þetta á að vera skrifað.	1 stig	
Heldur sig við þann tíma sem textinn á að vera skrifaður á.	1 stig	
Upplýsingarnar í textanum passa við það sem raunverulega gerðist.	2 stig	
Setur sig í spor annarra (fer í hlutverkið).	1 stig	
Nefnir hluti sem eru dæmigerðir fyrir tímabilið.	2 stig	
Frágangur	1 stig	
Skilar á réttum tíma.	1 stig	

Einkunn (30%): \_\_\_\_\_

Umsögn: \_\_\_\_\_

---

---

---

---

## 5. KAFLI. ÞJÓÐFÉLAG Í MÓTUN – DÓMÍNÓ

Þetta einfalda spil getur hjálpað til við að þjálf hugtök og læra að muna mikilvæg nöfn og atburði úr kaflanum. Ljósritið á þykkan pappa eða plastið blaðið og klippið niður eða látið nemendur gera það sjálfa. Tveir eða fleiri nemendur geta spilað saman. Hver hópur fær eitt eintak af spilinu. Þeir skipta spjöldunum á milli sín og einn byrjar að leggja fram eitt spjald. Næsti spilari þarf að skoða hvort hann hefur spjald sem passar við fyrsta spjaldið og leggur það við spjaldið og þannig koll af kalli. Ef nemandi hefur ekki spjald sem passar við, þá á næsti að gera. Sá vinnur sem er fyrstur að losna við spjöldin.

Kommúnistaflokkurinn

Heildarsamtök verkalýðsfélaga

fátækrabústaðir í Reykjavík

síldarstöð

Dagsbrún

vilja bæta kjör bænda

Framsókn

lágmarkshvöld sjómanna

Alþýðuflokkurinn

skútusjómenn

Framsóknarflokkurinn

frjáls samkeppni

Sjálfstæðisflokkurinn

vilja breytingar með byltingu

Vökulögin

bætt kjör verkafólks

Báran

Verkamannafélag í Reykjavík

1. maí

Pólarnir

Hjalteyri við Eyjafjörð

verkakvennafélag í Reykjavík

Alþýðusamband Íslands

baráttudagur verkalýðsins

## 6. KAFLI. ÁSTANDIÐ

Margir Íslendingar fylltust óöryggi þegar Ísland var hernumið 10. maí 1940. Landið fylltist af breskum hermönnum og voru hér 30.000 breskir hermenn um sumarið 1941 en þá voru landsmenn 121.000. Flestir hermennirnir voru í Reykjavík og nágrenni en þá voru íbúar höfuðborgarinnar einungis 38.000 þannig að fjölgun karlmannna á höfuðborgarsvæðinu var mikil. Hermönnum fjölgaði síðan enn frekar þegar Bandaríkjaher kom hingað sumarið 1941 til að taka við af Bretum.

Það leið stuttur tími frá hernáminu þangað til fólk var farið að tala um „ástandið“. Mikið var um slúðursögur í bænum og konur sem umgengust hermenn voru stimplaðar gálur og föðurlandssvikarar. Sögusagnirnar gerðust sífellt háværari og skipaði ríkisstjórnin nefnd sem kölluð var Ástandsnefndin og skipuð var þremur karlmönnum. Nefndin skilaði skýrslu um málið þar sem kom fram að yfir 500 konur hefðu náin samskipti við hermennina. Skýrslan var unnin upp úr skjalasafni lögreglunnar og var nokkuð umdeild. Herliðið hóf sína eigin rannsókn á málinu og voru niðurstöður þeirrar rannsóknar ekki jafn sláandi.

Verkefni:

- Skiptið ykkur í 4 manna hópa. Tveir í hópnum lesa grein 1 og tveir lesa grein 2.
- Nú þurfið þið að setja ykkur í spor greinahöfunda og standa með greininni sem þið lásuð.
- Komið saman aftur í 4 manna hópinn og leysið eftirfarandi spurningar. Þið þurfið að vera sam-mála um niðurstöðurnar.

1. Var ástæða til að hafa áhyggjur af „ástandinu“? Hvers vegna/hvers vegna ekki?
2. Í hverju fólst hættan í samskiptum herliðsins og íslenskra kvenna?
3. Af hverju haldið þið að þetta ástand hafi skapast?
4. Reynið að finna sameiginlega niðurstöðu í málinu. Var þörf á einhverjum aðgerðum? Hvers vegna/hvers vegna ekki?



## GREIN 1

EIGUM VIÐ AÐ EFTIRLÁTA HERNUM  
STÚLKUBÖRNIN?

Við Íslendingar höfum nú í sjö misseri sjeð setuliði tveggja stórvelda fyrir kvenfólki. Smán okkar og tjón af þessu er svo mikið, að við munum seint bíða þess bæturs. Jeg hefi kynst þeirri mannskemd, er af þessu hefir hlotist meðal ungra stúlkna, betur en aðrir, vegna starfs míns við ungmennaeftirlit lög-reglunnar í Reykjavík. Þess vegna tel jeg mjer skylt að vara við henni. Skemd þessi breiðist út eins og farsótt, og að mínum dómi er hún hættulegri en nokkur önnur plága, sem hingað gæti borist. Gegn henni standa heimili varnarlaus og barnaskólar eiga í vök að verjast. Foreldrum er bágnt að þurfa að fylgja efnilegum börnum sínum til grafar, en þakkarvert sýnist mjer það þó vera, samanborið við þá hörmung, að horfa á þau verða þessari plágu að bráð.

Hjer við bætist svo hin þjóðernislega hættu, stúlkurnar, sem um er að ræða, dást mjög að tungu og siðum hermanna, og þær dreymir um land þeirra. Enginn efi er á því, að flestar þeirra myndu fagnar skifta um þjóðerni, ef þær ættu þess kost, því sína þjóð og sitt land líta þær smáum augum. Frá þeim og öðrum áhangendum hersins berst út hugsunarháttur meðal þjóðarinnar, sem verða mun sjálfstæði okkar hættulegur. Og glæsilegt er ekki að hugsa til þess að fjöldi mæðra næstu kynslóðar verði siðferðilegir aumingjar.

Hernaðaraðilarnir virðast telja þessar kvennafórnir okkar sjálfsgæðar. Breski herinn tók land okkar hernámi. Þess vegna var þess ef til vill ekki að vænta að hann sýndi mikinn skilning á vandamálum okkar. En öðru máli er að gegna um Bandaríkjaherinn. Hann var sagður hingað kominn til að vernda okkur. Svo framarlega sem stjórn Bandaríkjanna ætlaði sjer að skila heiðri okkar og sjálfstæði óskertu eftir verndina, var henni skylt að gera sjer ljóst, hversu varlega varð hjer að fara vegna fámennis þjóðarinnar. Ef til vill hefir engin smá þjóð staðið jafn varnarlaus uppi gegn erlendum áhrifum og Íslendingar standa nú. Og þessara áhrifa gætir langsamlega mest gagnvart kvenfólkinu. Ein stúlka íslensk er okkur jafn mikils virði og þúsund stúlkur Bandaríkjaþjóðinni. Þess vegna þarf hjer að nota annan mælikvarða en hjá stærri þjóðum.

Í tímariti einu amerísku var þess getið að setuliðsmönnum Bandaríkjamanna í Norður-Afríku, hefði verið bannað að yrða á kvenfólk. Jeg veit ekki hvort þetta er satt, en slík ráðstöfun hefði átt við hjer, í stað þess að taka þess háttar tillit til velferðar þjóðar okkar, heldur herinn uppi reglubundnum skemtisamkomum og býður þangað kvenfólki í því skyni að kynna það hermönnum og mjög greiðan aðgang að herbúðum. Jafnvel telpur innan fermingar komast inn á þessa staði.

Og hvað gerum við sjálf til þess að hindra óhæfuna? Skömmu eftir komu Bandaríkjahersins gerði ríkisstjórnin tilraun til að bjarga einhverju af hinum yngstu stúlkum og forða öðrum börnum frá sömu örlögum. Var komið á fót bráðabirgðaheimili í Reykjavík, uppeldisheimili í sveit handa telpum, stofnsettur dómstóll til þess að fara með mál ungmenna, og lögreglustjóranum í Reykjavík falið að koma upp sjerstakri deild til eftirlits með telpum. Illa var þó að öllum þessum stofnunum bóíð. Þrátt fyrir það gerðu þær stórmikið gagn og brýn nauðsyn hefði verið að efla þær á alla lund. En raunin varð önnur. Ríkisstjórnin lokaði uppeldisheimilinu í haust og sendi telpurnar heim. Úrskurðir ungmennadómstóls voru að engu hafðir, og honum var ekki einu sinni gert aðvart um þetta. Nú hefir bráðabirgðaheimilinu verið lokað. Ungmennadómstóllinn hefir verið lagður niður. Allar telpur, er að hans tilhlutun dvöldu á, sveitaheimilum, hafa fengið tilkynningu um að þær væru lausar undan úrskurði dómsins. Þær geta með öðrum orðum nú um hávetur komið aftur til höfuðstaðarins og tekið hermannafjelagsskap sinn upp að nýju. Ungmennaftirlitið hefir enn ekki verið afnumið, en það hlýtur að verða næsta sporið. Vegna þessara ráðstafana er svo úr starfsmöguleikum þess dregið, að segja má að ungum stúlkum sje nú frjálst að fara sjer að voða eftir vild. Og hermennirnir þurfa ekki að kvarta um kulda Íslendinga.

(Jóhanna Knudsen, Morgunblaðið 30.12.1943)

## GREIN 2

## HVAÐA RÉTT HÖFUM VIÐ KONUR?

Fimm hundruð portkonur í Reykjavík! Hvílikur fengur fyrir blöðin að fá slíkar yfirskriftir og blaðadrengina, sem hrópa þessar staðhæfingar út yfir bæinn og selja betur en nokkru sinni fyrr. Fyrstu ástandsgreinarnar skýra frá því að lögreglan og hin svokallaða velferðarnefnd vændiskvennanna sé búin að safna nöfnum 500 kvenna, sem þeir telja vændiskonur, á aldrinum frá 12—61 árs ...

Nú langar mig að spyrja: Hvaðan kemur þeim vald og vilji til að svívirða þannig samborgara sína, kvenfólkið, viljandi? Hvernig dirfast þeir að láta hrópa það út yfir lönd og sjó að það séu fimm hundruð portkonur í Reykjavík og hafa ekki betri heimildir en svo að þeir verða að éta það ofan í sig á næsta augnabliki? Stúlkur, sem ekkert hafa til saka unnið annað en að elska karlmann og láta sjá sig með unnusta sínum, eru nú settar á svartan lista hjá lögreglunni og opinberlega kallaðar vændiskonur.

Þessi rökvisi er ekki neitt nýtt fyrirbrigði í bænum, þó hún sé ný á opinberum vettvangi. Sannleikurinn er sá, að hér í höfuðstaðnum hefur gengið slúðursýki, einskonar andleg farsótt, sem gaus upp rétt eftir að landið var hernumið. Veikin var í því fólgin að fólk, bæði konur og karlar, virtust hafa sjúklega nautn af því, að segja og hlusta á ólifnaðarsögur af kvenfólkinu og setuliðinu, þangað til að allar skynsamlegar og hlýlegar hugsanir í garð náungans voru komnar á ringulreið, en illgirnin og gleðin yfir óförum annarra, höfðu skipað hásæti hugans; get ég sannað, að í þessari pestarblindni urðu til, viljandi eða óviljandi, sóðalegustu sögur um alsaklaust fólk ...

Ef hið opinbera ætlar einnig að fara að blása eld í þessar árans glæður, þá leyfi ég mér að mótmæla harðlega. Þjóðin þarfnast ekki andlegra eiturlyfja og mun ekki taka við slíku þegjandi. Það næsta sem stingur í augu í skýrslunni um portkonurnar, er það að þessum góðu herrum getur ekki dottið í hug að eitthvað af þessum 500, sem tölurnar geta ekki sannað neitt um á hvaða siðferðisstigi eru staddar, eigi aðeins sína kunningja meðal hermanna og lifi fullkomnasta siðferðislífi bæði gagnvart innlendum og útlendum mönnum. Hversvegna getur þeim ekki til hugar komið sá möguleiki? Er það meiningin að þeir álíti að allar stúlkur, sem umgangast karlmenn hafi mök við einn eða fleiri? Eða halda þeir að önnur regla gildi í umgengni við hermenn en aðra menn?

Þær skikkanlegu stúlkur, sem hafa ekki verið nógu heimskar eða kjarklitlar til að láta skrafskjóður og rógbera þrælþeygja sig svo að þær þyrðu ekki að kynnast útlendingunum, sem hér hafa dvalið á annað ár, lítið eitt, vita harla vel að Bretar eru stilltari og bera meiri virðingu fyrir stúlkum en margir okkar heittelskuðu landar. Það er því oft rólegra og áhættuminna að skemmta sér kvöldstund með Englendingi en ókunnugum Íslendingi.

Mörgum þykir gaman að því að „stinga af“ endrum og eins frá hversdagsleikanum og komast í smáævintýri með ókunnugu fólki og virðist það ekki vera neitt óheilbrigt. Nú er svo komið að stúlkur hafa ekki lengur rétt til að skreppa út í frístundum sínum og skemmta sér á allra saklausasta hátt, án þess að eiga á hættu að vera settar á einskonar sakamannalista hjá lögreglunni og kallaðar öllum illum nöfnum. Húsmæður hafa ekki lengur rétt til að taka á móti skikkanlegum gestum á sínu eigin heimili, án þess að eiga á hættu að nágrannarnir, ef það eru ekki sérstök valmenni, úthrópi þær og klíni á þær þeim orðum tungumálsins, sem íslenskum konum hefur sviðið sárast undan á öllum öldum. Í skýrslunni er aftur á móti gripið niður á þann möguleika, að stúlkur hafi sjálfsagt svo hundruðum skifti saklaus kynni af setuliðinu, en það er reynt eins og hægt er að draga fjöður yfir sakleysi þeirra og jafnframt reynt að telja lesendunum trú um að þær skapi óvirðingu út á við fyrir landi og þjóð.

## GREIN 2 FRAMHALD.

Í greininni segir: „Stúlka fer inn í hermanskála af einskærri forvitni, en þegar hermennirnir ætla að nálgast hana verður hún bæði móðguð og hissa. Hermennirnir verða líka hissa. Hér skilur hvorugt annað, því að þeir eru vanir því þaðan, sem þeir hafa áður verið að einungis vændiskonur höguðu sér þannig“. Hvað því viðvíkur að hér skilji hvorugt annað, hef ég ástæðu til að fullyrða að hermennirnir séu eins fljótir að skilja skikkanlegar stúlkur og Íslendingar og einnig það að einungis vændiskonur heimsæki hermennina í öðrum löndum þori ég að fullyrða að eru ósannindi.

En látum svo vera að í öðrum löndum komi einungis vændiskonur inn í hermanskála. Hversvegna þarf það að vera nákvæmlega eins hér? Hvers vegna mega ekki útlendir hermenn verða hissa hér uppi á Íslandi? Er það ekki sómi fyrir land og þjóð ef konur hér eru frjálsari og lausari við kynferðislegan héraskap heldur en í öðrum löndum? Hvers vegna megum við ekki halda okkar sérstöku siðum og menningu, ef eitthvað slíkt er til í landinu? Er hægt að halda því fram í fullri alvöru að skikkanlegar stúlkur rýri álit þjóðarinnar hjá útlendingunum af því að þær fara frjálsar ferða sinna án þess að fá uppskrift af því erlendis frá, hvar þær megi ganga og við hverja þær megi tala. Og svo í öðru orðinu að fullyrða að eina úrlausn vandamála sé að varðveita allt, sem þjóðlegt er, tungu og menningu. Er hægt að gera það ef við högum okkur í hverju smáatriði eftir öðrum þjóðum og þorum ekki einu sinni að gera nokkra hermenn hissa, sem eru hér óboðnir gestir í landinu.

En hinsvegar gætum við eyjaskeggjadætur norður í íshafi vafalaust margt gott lært af konum stórveldanna en fæstar hafa haft efni eða ástæður til að sigla, þó að hugurinn hafi stefnt til víðsýnis og mennta, vegna þess, í mörgum tilfellum, að þær hafa sett heiðarleikann ofar öllu öðru og hans vegna sætt sig við hversdagsleikann og unnið landi og þjóð af dyggð og trúmennsku. Hver eru svo launin? Jú, þau komu með fyrsta pósti. Launin eru þau að nú þegar afskekktu eylandsdæturnar fá tækifæri til að kynnast tungu og siðum stórveldanna, sér að algerlega kostnaðarlausu, bæði fjárhagslega og siðferðilega þá mega þær það ekki vegna þess að það vekur afbrýði íslenzku karlmanna, sem þær margar hverjar eiga þó lítið gott upp að unna. Allir vita að sá siður hefur tíðkast meðal margra glæsilegra manna, að minnsta kosti að leika sér að ástum kvenna í stórum stíl. Hafa sumir reykvísku piltarnir talið það nauðsynlegt að eiga ekki færri en þrjár unnustur „þá er maður aldrei eiðfær þó eitthvað gangi úr skaftinu“, segja þeir. Ég hef ekki orðið vör við að nöfnum þeirra hafi verið safnað saman á neinn allsherjar hórkaralista eða óp gerð að þeim í opinberum blöðum og á gatnamótum. Enda yrðu kannske rúmlega 500 á þeim allsherjar lista. Nei — það hefur verið furðu hljótt um þau mál á opinberum vettvangi ...

Allt þar til að landið var hernumið voru miklu fleiri konur en karlar í landinu, glæsilegir piltar voru því „umsvermaðir“ og svo fór fyrir þeim líkt og barni sem lifir í alltof miklu dálæti því hættir við að verða brekótt, brjóta og eyðileggja og heimta svo alltaf nýtt og nýtt. En nú þegar allt er yfir fullt af ungum og geðslegum piltum, þá er fullyrt jafnvel á opinberum vettvangi að íslenskt kvenfólk þekki ekki muninn á vændiskonu og heiðvirðri konu, bara vegna þess að lögreglan þykist geta bent á nokkrar litlar systur, sem hrokkið hafa út af sporinu í ölaði. Ekkert heimili á lengur að geta verið öruggt fyrir þessu svívirðilega lauslætisæði kvenfólksins, vegna þess að nokkur börn hafa lent á glapstigum.

(Guðrún Brynjúlfsdóttir. Nýtt dagblað 1. 09.1941)

## 7. KAFLI. VELFERÐ OG KALT STRÍÐ – DÓMÍNÓ

Þetta einfalda spil getur hjálpað til við að þjálf hugtök og læra að muna mikilvæg nöfn og atburði úr kaflanum. Ljósritið á þykkan pappa eða plastið blaðið og klippið niður eða látið nemendur gera það sjálfa. Tveir eða fleiri nemendur geta spilað saman. Hver hópur fær eitt eintak af spilinu. Þeir skipta spjöldunum á milli sín og einn byrjar að leggja fram eitt spjald. Næsti spilari þarf að skoða hvort hann hefur spjald sem passar við fyrsta spjalðið og leggur það við spjalðið og þannig koll af kolli. Ef nemandi hefur ekki spjald sem passar við, þá á næsti að gera. Sá vinnur sem er fyrstur að losna við spjöldin.

haftakerfið

óeirðir 30. mars 1949

Nýsköpunarstjórnin

stuðningur við Evrópuríki

kalda stríðið

Atlantshafsbandalagið

Keflavíkursamningurinn

Bandaríkin

NATO

Sovétríkin

Keflavíkurgangan

bætt lífskjör

Austurvöllur

herstöðvarandstæðingar

Austur-Evrópa

almannatryggingar

Vestur-Evrópa

skömmtunarmiðar

velmegun

togstreita stórveldanna

Marshallaðstoðin

árið 1946

velferðakerfi

Alþýðuflokkur og Sjálfstæðisflokkur

## 8. KAFLI. ATVINNULÍF OG BYGGÐARÞRÓUN

Hér fyrir neðan eru orð flokkuð í hópa. Vinnið í pörum og finnið eitt orð í hverjum hóp sem þið teljið að passi ekki við hin orðin í hópnum. Strikið yfir orðið sem passar ekki og skrifið ástæðuna fyrir því að þið teljið að það passi ekki. Það geta verið mismunandi lausnir og ástæðurnar ólíkar, berið saman niðurstöðurnar í bekknum.

fiskveiðilögsaga  
Bretar  
Íslendingar  
klippur

Ástæða: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

byggðastefna  
höfuðborg  
dreifbýli  
ríkisvald

Ástæða: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

bíll  
samgöngur  
flugvél  
göngur

Ástæða: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

jarðrækt  
landbúnaður  
kjúklingarækt  
sauðfjarrækt

Ástæða: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

stóriðja  
iðnaður  
Landsvirkjun  
Búrfellsvirkjun

Ástæða: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

eldgos  
Jarðskjálftar  
Heimaey  
snjóflóð

Ástæða: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

## 9. KAFLI. ÞJÓÐFÉLAGSÓLGA HUGARKORT

Lesið vel yfir 9. kaflann. Búðu til skýringarmynd sem sýnir hvaða þjóðfélagsbreytingar urðu á 8. áratugnum. Skrifaðu „8. áratugurinn“ innan hrings á miðju blaði. Teiknaðu síðan örvar út frá hringnum. Hver ör á að benda á breytingar sem urðu. Merktu síðan við hvort þú telur breytingarnar hafi verið jákvæðar eða neikvæðar.

Skiptið ykkur í hópa, tvö til fjögur í hverjum, og berið saman skýringarmyndir ykkar. Gefið hvert öðru góð ráð og reynið að gera eina sameiginlega skýringarmynd.

Þegar skýringarmynd ykkar er tilbúin eigið þið að svara eftirfarandi spurningum:

1. Hvaða breytingar eru mikilvægastar fyrir líf okkar í dag?

---

---

---

---

2. Hvaða breytingar höfðu lítil sem engin áhrif á líf okkar í dag?

---

---

---

---

3. Hvað varð til þess að þessi þjóðfélagsólga fór af stað?

---

---

---

---

4. Getið þið fundið einhver sambærileg dæmi um ólgutímabil í sögunni?

---

---

---

---

## 10. KAFLI. VIÐTAL

Finndu einhverja, t.d. foreldra, ættingja eða einvern sem þú þekkir, sem man vel eftir hrúinu 2008 og kreppunni sem fylgdi í kjölfarið. Reyndu að komast að því hvernig viðmælandi þinn upplifði hrúnið og ástandið í þjóðfélaginu í kjölfarið.

Hér eru nokkur ráð um hvað þú þarft að hafa í huga þegar þú ætlar að taka og nota viðtal sem heimild.

Fyrir viðtalið: undirbúðu þig vel!

- Settu þig vel inn í efnið sem þú ætlar að spyrja viðmælandann um. Þú getur lesið yfir kafla 10 ásamt því að finna fleiri upplýsingar um hrúnið og kreppuna á netinu.
- Hugsaðu þér nokkrar spurningar sem þú ætlar að spyrja. Það er mikilvægt að vera búin(n) að skrifa þær niður áður ef þú þarft að grípa til þeirra í viðtalinu.
- Ákveddu þig hvort þú ætlar að skrifa viðtalið niður eða taka það upp. Það getur verið erfitt að skrifa viðtal niður um leið og þú talar við viðmælandann því er betra að taka það upp. Þú getur notað símann þinn, ípod, ípad eða önnur upptökutæki, einnig getur þú tekið viðtalið upp á myndband ef viðmælandinn samþykkir það.

Í viðtalinu: vertu sveigjanleg(ur)!

- Leyfðu viðmælandanum að tala óhindrað, ekki trufla samtalið.
- Vertu opin(n) fyrir því að spyrja annarra spurninga en þú hafðir ætlað þér upphafi, ef áhuga-verðar upplýsingar koma fram. Þó svo að þú hafir verið búin(n) að skrifa niður ákveðnar spurningar þá eru þær aðeins þér til stuðnings.
- Fylgdu spurningunum eftir, til dæmis með því að spyrja: „Hvað áttu við með því?“ „Getur þú útskýrt þetta nánar?“ „Hvernig upplifðir þú það?“
- Sýndu virðingu! Ekki þvinga fólk til að tala um hluti sem það vill ekki tala um.
- Mundu að þakka fyrir að fá að tala við viðmælandann.

Eftir viðtalið: vertu gagnrýnin(n)!

- Skrifaðu upp viðtalið eins fljótt og hægt er, á meðan þú manst það vel (ef þú tókst það ekki upp).
- Taktu saman upplýsingarnar sem þú fékkst og skrifaðu grein um efnið.
- Þar þarf að koma fram við hvern þú talaðir og hvenær og hvað var sagt.
- Mundu að upplýsingarnar sem þú fékkst þarf að meta á gagnrýninn hátt eins og allar aðrar heimildir. Hvaða nýjar upplýsingar fékkst þú? Er hægt að treysta því sem viðmælandinn sagði? Hvað eru staðreyndir og hvað er túlkun á hans eða hennar skoðunum? Hvernig samrýmast þessar upplýsingar þeim upplýsingum sem koma fram í námsbókinni eða öðrum heimildum?